

Skrá 7. Kvöldvakan og hlutdeild heimilisins í íslensku þjóðaruppeldi

ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS VII.

Inngangsorð.

Kvöldvakan var veigamikill þáttur í þjóðlífi og þjóðaruppeldi Íslendinga fyrir á tíð. Þjóðháttskráningin hefur tekið saman 7. spurningaskrá sína um þennan þátt íslenskrar þjóðmenningar og heitir enn á heimildarmenn sína um góða liðveislu. Skal það enn brýnt fyrir mönnum að skýra eins ýtarlega frá og kostur er á, því að gildi svaranna er mjög undir því komið, að þau séu ekki um of stuttaraleg. Margur hefur nauman tíma til að sinna þessu starfi og freistast því ef til vill til að hafa svörin í styttra lagi. En betra er að bíða ögn lengur eftir ýtarlegra svari en fá skrána aftur um hæl lítið unna. Þá skulu menn einnig minntir á að bæta við frá eigin brjósti ef þeir hafa frá einhverju að segja, sem ekki er spurt í skránni. Að svo mæltu óskar Þjóðháttskráningin styrktarmönnum sínum gleðilegs sumars og þakkar gott samstarf á liðnum vetri.

Heiti:

Heimili:

Fæðingadagur og ár:

Fæðingastaður:

Nöfn og fæðingastaðir foreldra:

Við hvaða sveit eða hérað eru svörin einkum miðuð?

KVÖLDVAKAN

A. Hvernig fór kvöldvakan fram?

(Lýsið aðstæðum og umhverfi, - m.a. baðstofunni og öðrum húsum eða húsakynnum, sem skipta máli í þessu sambandi.)

B. Tímamörk.

1) Hvenær hófst kvöldvakan, og hvenær var henni lokið?

2) Hvernig var lengd kvöldvökkunnar ákveðin?

3) Hvenær hófust kvöldvökkurnar að haustinu, og hve lengi var kvöldvökum haldið áfram að vorinu?

4) Hvað var byrjun hverrar kvöldvöku kölluð („að setjast að“ eða annað)?

C. Ljósaskiptin.

1) Hverjir sváfu rökkursvefn, og hve langur var hann að jafnaði?

2) Hvar voru börnin, og hvað gerðu þau?

3) Voru sagðar rökkursögur, sungið eða farið í leiki í rökkrunu?

4) Hvaða sögur voru helst sagðar?

5) Hvað var sungið?

6) Hvaða leikir voru algengastir? (Lýsið leikjunum.)

7) Hvað mætti nefna fleira, sem tengt er ljósaskiptunum?

D. Ljós og ljóstæki.

1) Hvenær var ljósið kveikt?

2) Hver kveikti ljósið?

3) Voru fleiri en einn lampi í baðstofunni?

E. Vinnan.

- 1) Hvaða verk voru fyrst og fremst unnin á kvöldvökunni?
- 2) Hvaða verk voru látin ganga fyrir fyrrihluta vetrar?
- 3) Hvaða verk eða verkefni voru einkum ætluð: a) karlmönnum, b) kvenmönnum, c) börnum?
- 4) Var fólki gefinn sérstakur glaðningur til launa fyrir langar vökur og vökuvinnu? Hver?
- 5) Var hann gefinn visst kvöld, föstudagurinn fyrir jól t.d.?
- 6) Var hann nefndur eitthvað, vökustaur t.d.?
- 7) Drógu vikan og kvöldið það nafn af honum (staurvikan, vökustaurskvöld)?
- 8) Fékk ónytjungur við vökuvinnu hefndargjöf? Hverja? Hvernig var hún að honum rétt?
- 9) Voru augntepur notaðar til að halda fólki vakandi? Úr hverju, og hvernig voru þær gerðar?
- 10) Hvernig var þeim komið fyrir? Á efra eða neðra augnaloki?
- 11) Voru þær nefndar nokkuð annað? (vökustaur t.d.)?
- 12) Hvaða orðum var farið um þol manna til að vaka (lo. kvöldsvæfur, kvöldgóður; no. svefnpurka, vökuskarfur, vökugeispar o.s.frv.)?
- 13) Skrifði hér orðtök og vísur um kvöldvökur, ef tók eru á.
- 14) Hvenær lögðust kvöldvökur niður með vinnu, skemmtun og helgihaldi?

F. Andlegar sýslur.

- 1) Hvaða andlegar sýslur voru einkum um hönd hafðar á kvöldvökunni?
- 2) Hvað var helst lesið?
- 3) Hvað var helst kveðið eða sungið?
- 4) Hvers konar sögur eða frásagnir voru sagðar, og hverjir sögðu þær?
- 5) Voru getnar gátur, leystar þrautir eða aðrar skemmtanir stundaðar? Nefnið dæmi.

G. Gestir og förumenn.

- 1) Tóku gestir eða aðkomumenn þátt í störfum heimilisfólksins, meðan þeir stóðu við?
- 2) Var algengt, að gestir segðu frá eða kvæðu rímur á kvöldvökunni?
- 3) Unnu aðkomumenn ákveðin verkefni í þágu heimildanna, þæfðu þeir t.d. ullarfatnað?
- 4) Báðu gestir um það með hefðbundnu orðalagi, að þeim væri fengið verk að vinna (Eigið þið ekki eitthvað handa mér til að halda á? Á ég ekki að hafa eitthvað milli handanna?)?
- 5) Voru til kvæða- eða sagnamenn, er ferðuðust ótilkvaddir milli bæja á veturnum til að skemmta með list sinni? Voru sömu menn einnig boðnir á bæi til að veita skemmtun? Þágu þeir nokkuð að launum?

H. Húslestrar og helgihald.

- 1) Hvernig fóru húslestrarnir fram?
- 2) Var húslesturinn lesinn í vökulok eða fyrr?
- 3) Hver las, og hvað var lesið?
- 4) Var jafnan sunginn sálmur á undan og eftir lestri?
- 5) Hver var munur á húslestri virka daga og helgidaga?
- 6) Gerðu menn hlé á vinnu sinni, meðan húslestur var lesinn?
- 7) Hvernig var þakkað fyrir lesturinn, og hvernig svaraði lesarinn?
- 8) Var næturgesti boðið að lesa lesturinn í virðingarskyni?
- 9) Var vinna og skemmtun með öðrum hætti á sunnudagskvöldum en rúmhelgum kvöldum? Fengu vinnukonur þau kvöld til eigin vinnu? En vinnumenn? Hvað gerðu þá bóndi, húsfreyja og börn þeirra?
- 10) Var fremur spilað á spil en lesið eða kveðið á sunnudagskvöldum?
- 11) Hvernig var vökum háttað um jól og nýár, og hvað var þá helst til skemmtunar?

MENNINGARHLUTVERK HEIMILISINS.

I. Heimilið, - miðstöð verklegs uppeldis.

A. Vinna barna og unglunga.

- 1) Hve gömul voru börnin, þegar þau fóru að hjálpa til á heimilunum?
- 2) Á hvaða aldri voru þau látin gera þetta eða hitt starfið?
- 3) Hvaða störf voru börnunum helst ætluð á heimilinu yfirleitt – úti og inni?
- 4) Á hvern hátt var börnunum helst haldið til vinnu, svo að þau leystu störfin sem best af hendi?
- 5) Hvers konar uppörvun, verðlaun eða refsing var algengust?
- 6) Var börnum, líkt og t.d. við bóknám, sett fyrir að skila ákveðnu verki eftir ákveðinn tíma?
- 7) Hvenær var barn almennt tekið í tölu unglunga, og hvenær var unglingur talinn fullorðinn – fullgildur starfsmaður, - og hvort var algengara að miða við ákveðinn aldur eða vinnuþrek og afköst?
- 8) Hvaða þýðingu teljið þér, að hin ýmsu störf hafi haft fyrir andlegan þroska og framfarir barna og ungmenna?

B. Leikir, leikföng og tómstundastörf.

- 1) Hvernig vörðu börn og unglingar aðallega frístundum sínum?
- 2) Hvaða leikir, íþróttir eða önnur dægrastytting var iðkuð í frístundum, - sumar og vetur, - úti og inni?
- 3) Hvernig fóru slíkir leikir og aðrar frístundaiðkanir fram?
- 4) Hvar léku börnin sér oftast að deginum og hvar héldu þau sig helst að öðru leyti í frístundum sínum?
- 5) Hvaða leikföng voru algengust, og hvaða hlutverkum áttu þau að gegna?
- 6) Á hvaða aldri voru börnin upp úr vaxin að leika sér að leikföngum eða að fara í leiki?
- 7) Á hvern hátt var frístundum unglunganna helst varið, þegar bernskuleikjunum lauk?
- 8) Hvaða þýðingu teljið þér, að leikir og önnur tómstundaiðju barna og ungmenna hafi haft fyrir þroska þeirra og atgervi síðar meir?

II. Heimilið,- miðstöð bóklegrar fræðslu. Heimiliskennslan.

- 1) Hve gömul voru börnin venjulega, þegar heimakennslan hófst?
- 2) Í hvaða greinum fengu börnin aðallega tilsögn?
- 3) Hver veitti börnunum tilsögn?
- 4) Voru það fleiri en einn, og hvernig skiptu þeir þá með sér verkum?
- 5) Hvernig var farið að því að kenna hinar ýmsu námsgreinar?
- 6) Hversu langur tími var börnunum ætlaður til náms á degi hverjum, þegar lexíulestur var reiknaður með, og hversu langan tíma þurfti sá, sem veitti tilsögn, til kennslunnar?
- 7) Hvar var kennt, og hvar lærðu börnin lexíurnar?
- 8) Hversu mikið gátu börnin lært upp á eigin spýtur að námsgreinunum?
- 9) Hvað gátu þau lært af sjálfum sér fyrir utan þá beinu tilsögn, sem þau fengu: a) við lestur, b) við að hlusta á samtal fullorðna fólksins sín á milli eða c) við að tala við það og spyrja og d) við eigin athugun og reynslu?
- 10) Hvert var hlutverk sóknarprestsins í fræðslustarfi heimilisins?
- 11) Var nokkur á heimilinu, sem vel kunnir að segja sögur eða ævintýri?
- 12) Hvaða árangur álítið þér, að heimakennslan og íslenskt þjóðaruppeldi á gamla vísu hafi borið, þegar litið er á:
 - a) raunverulega þekkingu á hinum ýmsu námsgreinum,
 - b) almenna menntun og greindarþroska,
 - c) lífsskoðanir manna almennt og viðhorf þeirra til lífsins?